



Fræðsla vegna rafrænnar vöktunar með eftirlitsmyndavélum hjá Akureyrarbæ

Ábyrgðaraðili vöktunarinnar er Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri, s. 4601000.

Persónuverndarfulltrúi Akureyrarbæjar er Inga Þöll Þórgnýsdóttir, akureyri@akureyri.is.

Tilgangur vöktunar er í öryggis- og eignavörsluskyni.

Heimild til vinnslu Vöktun fer fram til að gæta lögmætra hagsmuna Akureyrarbæjar með vísan til öryggis- og eignavörslu, sbr. 6. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Tegundir persónuupplýsinga Unnið er með myndefni sem verður til við vöktunina þar sem sjá má einstaklinga sem farið hafa um hið vaktaða svæði og athafnir þeirra.

Viðtakendur Myndefni á lóðum grunn- og leikskóla er aðeins aðgengilegt tveimur tilgreindum starfsmönnum stofnunarinnar sem hafa umsjón með framkvæmd vöktunarinnar. Myndefni í Kjarnaskógi, Jaðri og á gámasvæði er aðgengilegt tilgreindum starfsmönnum Akureyrarbæjar og öryggisþjónustu sem hefur umsjón með framkvæmd vöktunarinnar. Myndefni í sundlaugum er aðgengilegt vakthafandi starfsmönnum og forstöðumanni stofnunar.

Efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað getur jafnframt verið afhent lögreglu. Einnig getur efni verið afhent tryggingafélagi sé það nauðsynlegt vegna tryggingamáls. Sjá að öðru leyti 5. og 10. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

Miðlun til þriðju landa og varúðarráðstafanir Upplýsingum er ekki miðlað til þriðju landa.

Varðveislutími myndefnis Myndefni er varðveitt í 30 daga og er síðan eytt. Þó geta upptökur verið varðveittar lengur sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Ef myndefni er afhent lögreglu er öðrum eintökum af efninu eytt.

Réttindi einstaklinga Þeir sem telja sig vera á upptöku þar sem fram fer rafrænt eftirlit eiga rétt á að fá afrit af slíku myndefni að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra. Að öðru leyti fer um réttindi aðila samkvæmt III. kafla laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. nánar ákvæði í III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd: Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga þeirra gangi gegn persónuverndarlögum.

Akureyri, 16. júní 2023